

Reglur Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra

1. Reglur þessar eru settar til að koma á móts við barnafjölskyldur með lágar tekjur til að veita afslátt af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila, gjöldum til dagforeldra með það að markmiði að bæta kjör fjölskyldna.
2. Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum frístundaheimila samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra. Afslátturinn er 40% af almennu dvalargjaldi og er veittur einstaklingum með lægri meðaltekjur að fjárhæð kr. 923.000 á mánuði og sambúðarfólki með lægri meðaltekjur en kr. 1.131.000 á mánuði. Miða skal við meðaltekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði.
3. Foreldrar/forráðamenn undir tekjuviðmiðum samkvæmt 2. tl. skulu fá 40% afslátt af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra.
4. Umsóknir tekjutengds afsláttar skulu berast fyrir 15. dags mánaðar og skal fylgja yfirlit úr staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði. Afsláttur kemur til framkvæmda í næsta mánuði á eftir enda eru uppfyllt skilyrði tekjuviðmiðunar samkvæmt 3. tl.
5. Reglur þessar verða endurskoðaðar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
4. desember 2025.*

*Lúðvík Örn Steinarsson,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.*